

Viðauki 1

Umhverfis- og framkvæmdaskýrsla vegna deiliskipulags á Skerðingsstöðum



Hótel á Skerðingsstöðum í Eyrarsveit

Umhverfis- og framkvæmdaskýrsla vegna deiliskipulag á Skerðingsstöðum

Dags. 5. febrúar 2022,
breytt 9. júlí 2022.

Unnið af: Zeppelin arkitektum (Zeppelin ehf)
Verknúmer: 1005
Unnið fyrir: Landeiganda, Jogk ehf
Verkefnisstjóri: Orri Árnason
Unnið af: Grétu Björnsson og Orra Árnasyni

Efnisyfirlit

1. Samantekt umhverfismats.....	4
2. Yfirlit yfir efni skipulagsáætlunar.....	4
2.1 Efni deiliskipulagstillögu	4
2.2 Almennar upplýsingar um skipulagssvæðið	4
2.3 Matskylda og leyfi.....	4
2.3.1 Umhverfismat áætlanna	4
2.3.2 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	5
2.3.3 Leyfi	5
3. Tengsl við aðrar áætlanir	5
3.1. Aðalskipulag	5
3.2 Svæðisskipulag	7
3.3 Staðardagsskrá 21 – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.....	7
3.4 Stefna í ferðaþjónustu í Grundarfirði	7

3.5 Menningarstefna í mannvirkjagerð.....	7
3.6 Áhættumat.....	7
3.7 Sjónræn verðmæti Kirkjufells.....	8
4. Upplýsingar um grunnástand - Staðhættir.....	8
4.1 Náttúrufar	8
4.2 Dýralíf.....	8
4.3 Fornminjar	9
4.4 Landnotkun innan skipulagssvæðisins	9
4.5 Innviðir - stofnanir, veitur og samgöngur	10
4.6 Umhverfisvandamál - jarðvegsrof, hækkun sjávar mengandi starfsemi og náttúruvá	10
4.7 Neysluvatn	10
4.7.1. Lækurinn úr Bæjargili.....	10
Góðar líkur eru á að fá megi neysluvatn úr gamalli skriðu ofan við gamla þjóðveginn, austan við lækinn.	10
4.7.2. Neðan við Bekki	10
Annar möguleiki er að virkja grunnvatnsrennsli sem sígur gegnum skriðuna frá Bökkjum.	10
4.7.3. Ofan við Snæfellsnesveg sunnan Skerðingsstaða	10
Eins og nefnt er hér að framan, er grunnvatnsstraumur í skriðunni frá Bökkjum og að Lárvatni. Þennan	10
straum	10
4.7.4. Vatnstaka við Lárvatn.....	10
Fjórði möguleikinn er að fá vatn úr drenskurði nærri Lárvatni.	10
4.8 Samfélag, mannfjöldaþróun, íbúasamsetning og félagslegar aðstæður	10
5. Fráveitulausnir.....	11
6. Umhverfispættir.....	12
7. Aðferðir við umhverfismat	12
8. Umhverfismat áætlunar og valkostir	12
8.1 Valkostir	13
8.1.1 Möguleg áhrif mismunandi valkosta	13
8.1.2 Óbreytt landnotkun	13
8.1.3 Aðrir framkvæmdamöguleikar	13
8.2 Framkvæmd eins og lýst er í deiliskipulagstillögu.....	13
9. Niðurstaða umhverfismats	17
10. Kynning og samráð.....	17
11. Vöktunaráætlun.....	19
11.1 Mót vægisáðgerðir	19

1. Samantekt umhverfismats

Umhverfismat þetta er liður í gerð deiliskipulags í landi Skerðingsstaða í Eyrarsveit. Í matinu er tekið á helstu umhverfisþáttum á skipulagssvæðinu og næsta umhverfis, svo sem fornleifum, gróðurfari, fuglalífi og vatnalífi Láróss. Einnig er vísað í aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 sem og skýrslur sem unnar hafa verið vegna áðurnefndra umhverfisþátta og vegna fráveitumála, vatnsveitu og losunar sorps. Samantekt niðurstöðu matsins er fléttuð inn í og birt í greinargerð deiliskipulagstillögunnar.

2. Yfirlit yfir efni skipulagsáætlunar

2.1 Efni deiliskipulagstillögu

Áformað er að byggja allt að hundrað herbergja hótél auk fimm stakstæðra smáhýsa, sem mögulega verða notuð af starfsmönnum hótelsins í landi Skerðingsstaða við Grundarfjörð á Snæfellsnesi.

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi undir heitinu **Skerðingsstaðir í Grundarfirði-Hótelbygging**, dags. 28.02.2018, með síðari breytingum.

2.2 Almennar upplýsingar um skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið, sem er um 5 hektarar að stærð, liggur innan jarðarinnar Skerðingsstaða í Eyrarsveit. Það er undir Skerðingsstaðafjalli, á tanga sem gengur út í Lárvaðal. Þjóðvegur 54, sem liggur á milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur, er ofan við svæðið. Á tanganum er bæjartúnið og uppistandandi rústir af útihúsum og rústir af sökklum íbúðarhússins, en bærinn fór í eyði um 1970. Túnið er enn hirt og hestum beitt á það. Fyrir miðju túni eru tveir bæjarhólar sem eru í hæsta minja- og varðveisluflokki.

2.3 Matskylda og leyfi

Umhverfissskýrsla þessi er unnin samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

2.3.1 Umhverfismat áætlanna

Skipulagsáætlanir eru háðar umhverfismati, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, ef þær fela í sér stefnumörkun sem varðar landnotkun og framkvæmdir.

Umhverfismat áætlunar skal sett fram í umhverfismatsskýrslu sem getur verið hluti af greinargerð með áætluninni. Þar skal m.a. koma fram lýsing og mat á líklegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar, lýsing og mat raunhæfra valkosta við áætlunina, lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á.

Í 16. Gr. laga nr. 111/2021 segir „Við afgangið á áætlun skal gerð samantekt um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina með hliðsjón af umhverfismatsskýrslu og samráði um tillögu að áætlun og umhverfismatsskýrslu. Þar skal einnig koma fram rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun, í ljósi raunhæfra valkosta sem skoðaðir voru, og upplýsingar um hvernig hagað verði vöktun vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa af framfylgd áætlunarinnar.“

2.3.2 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 kemur fram að meta skuli umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem talðar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfið. Í 1. viðauka laganna eru talðar upp þær framkvæmdir sem eru, eða kunna að vera matsskyldar. Framkvæmdirnar eru flokkaðar í tvo flokka, A og B. Framkvæmdir í A flokki eru ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum, en framkvæmdir í flokki B eru háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Skipulagsstofnun eða sveitastjórn metur hvort framkvæmd í flokki B er háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd fellur undir tölulið 12.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021, en þar stendur:

„Framkvæmdir við uppbyggingu orlofsþorpa eða hótela og tengdra framkvæmda utan þéttbýlis þar sem heildarbyggingarmagn er a.m.k. 5.000 m² eða gestafföldi (gistirúm) a.m.k. 200.“

Töluliður 12.04 er í flokki B og því ber Skipulagsstofnun eða sveitastjórn að meta hvort framkvæmd er háð mati á umhverfisáhrifum.

2.3.3 Leyfi

Starfsmannaíbúðir, gististaðir, veitingastaðir og önnur sambærileg þjónusta eru starfsleyfis skyldar skv. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Neysluvatn skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001. Fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

3. Tengsl við aðrar áætlanir

3.1. Aðalskipulag

Samkvæmt aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 er skipulagssvæðinu breitt úr landbúnaðarsvæði í Verslunar- og þjónustusvæði.

Í aðalskipulaginu er fjallað um ólíka landnotkunarreiti innan Eyrarsveitar, en hér á eftir verður eingöngu vitnað í þá flokkun sem tengist skipulagssvæðinu og næstu svæði.

Skerðingsstaðir falla í flokk VB (Verslun og þjónusta) en í skilgreiningu skipulagsreglugerðar segir um þann flokk:

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Skipulagssvæðið fær merkinguna VB-1 og er um það fjallað sérstaklega í aðalskipulaginu, en þar segir: *Heimilt er að reisa allt að 100 herbergja hótél og allt að 5 stakstæð smáhýsi á svæðinu.*

Hótelíð fellur undir B-flokk framkvæmda skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en í þeim flokki eru framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skal meta hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum, sbr. lið 12.05 í lögnum. (Ath. Að eftir að aðalskipulagið var samþykkt hefur lögnum verið breytt og fellur hótelíð nú undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og fellur undir A-flokk sbr. Lið 12.04) Unnið er að deiliskipulagi fyrir svæðið og umhverfismati þess. Tryggt verði í deiliskipulagi að byggingar falli vel að landslagi, hvað varðar hæð, form, efni og lit. Einnig verði þess gætt að mannvirki falli vel að Kirkjufelli og sett verði fram sjónrænt áhrifamat í þeim tilgangi. Staðinn verði vörður um lífríki, tryggja aðgengi almennings meðfram vatnsbakka Lárvaðals tryggt og tekið verði tillit til fornleifa. Haft verði samráð við Vegagerðina vegna aðkomu að svæðinu og fjarlægðar frá vegi. Gerð verði grein fyrir fyrirkomulagi fráveitu og umhverfisáhrifum þess. Áhrif bygginga og fyrirhugaðrar starfsemi við Lárós verði metin og þau lágmörkuð.

Skipulagssvæðið liggur að Lárvaðli, sem fellur í landnotkunarflokkinn Vatn, ár og sjór (V), en í þennan landnotkunarflokk falla vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar.

Lárvaðall er merktur með V-1, en um þau svæði segir í aðalskipulaginu: *Áhersla verði á að halda strönd, fjörum og grunnsævi í náttúrulegum ástandi eins og kostur er og að nýting auðlinda strandarinnar sé sjálfbær.*

Í botni Lárvaðals er skilgreint opið svæði (OP), en í skilgreiningu skipulagsreglugerðar segir: *Þessum landnotkunarflokki tilheyra svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem tilheyrir almennri útivist, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.*

Svæðið er merkt með OP-1 í aðalskipulagi, en um það segir: *Heimilt er að reisa minniháttar mannvirki vegna útivistariðkunar, s.s. aðstöðu fyrir siglingar að sumri og skautaiðkun að vetri. Staðinn verði vörður um lífríki og landslag í fjörum og gönguleið meðfram strönd verði tryggt.*

Á norðurbakka Lárvaðals, í hlíðum Stöðvarinnar er frístundabyggð sem í aðalskipulagi er skilgreind sem (F-1), þar segir: *Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 21 frístundahúsi.*

Staðinn verði vörður um lífríki og landslag í fjörum og gönguleið meðfram strönd verði tryggt. 4.1 Svæði sem njóta verndar eða hafa náttúruverndargildi -

Tengsl við aðrar skipulagsáætlanir sem hafa áhrif á viðkomandi skipulag t.d. Grunnnet samgangna

Í kafla 7.1. í Aðalskipulagi Grundarfjarðbæjar 1019-2039 er fjallað um vega- og gatnakerfi Þar kemur m.a. fram varðandi Snæfellsveg að:

- Þjóðvegur nr. 54, Snæfellsnesvegur, er eini stofnvegur sveitarfélagsins og liggur eftir því endilöngu.
- Lögð er á það áhersla að: Vegakerfi í dreifbýli sé vel viðhaldið, öruggt og greiðfært allan ársins hring
- Unnið verði að bættu öryggi á þjóðvegi nr. 54, meginhringleiðinni umhverfis Snæfellsnes sem jafnframt er hluti af grunnneti skv. Samgönguáætlun 2011–2022.

- *Á sömu leið verði, í samvinnu við Vegagerðina, fjölgað hentugum áningarstöðum og gerð þar útskot eða bílastæði. Þannig verði ferðamönnum auðveldað að staldra við á svæðinu um leið og önnur umferð getur flætt örugglega og óhindrað áfram.*

3.2 Svæðisskipulag

Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026 er í gildi fyrir svæðið. Fyrirhuguð deiliskipulagstillaga samræmist markmiðum svæðisskipulagsins m. a. markmiðunum „Góðir og fjölbreyttir gistimöguleikar séu í boði.” og „Mótun umhverfis og mannvirkjagerð sé vönduð og taki mið af og styrki sérkenni og staðaranda Snæfellsness.”

3.3 Staðardagskrá 21 – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi

Fyrirhuguð deiliskipulagstillaga samræmist áformum sveitarfélagsins sem sett voru fram í Staðardagskrá 21 um sjálfbæra þróun. Velferð til framtíðar – sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, en markmið áætlunarinnar voru meðal annars: að skerða ekki rétt almennings að frjálsu aðgengi að náttúru landsins (almannaréttur) nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndarsjónarmiða; að taka skuli tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu; og að vexti í ferðaþjónustu á Íslandi skuli mætt með aðgerðum sem komi í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar. Staðardagskrá 21 hefur verið felld úr gildi, en þau markmið sem þar voru sett fram voru höfð til hliðsjónar við skipulagsgerð þessa.

3.4 Stefna í ferðaþjónustu í Grundarfirði

Fyrirhuguð deiliskipulagstillaga er í samræmi við markmið ferðaþjónustustefnu Grundarfjarðar, sem eru að stuðla að vexti ferðaþjónustu í Grundarfjarðarbæ og auka samstarf milli ferðaþjónustuaðila og bæjarins. Tillagan byggir á meginstöðum stefnunnar um nýtingu náttúrugæða og upplifun byggða á sérstöðu staðarins.

3.5 Menningarstefna í mannvirkjagerð

Byggingar sem áformaðar eru samkvæmt fyrirhugaðri deiliskipulagstillögu samræmast markmiðum í menningarstefnu í mannvirkjagerð, hér á meðal: „*Við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggir að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni.*”

3.6 Áhættumat

Í kafla 5.5 Öryggi íbúa og mannvirkja í Aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019-2039, þar sem fjallað er um ofanflóðahættu og hættumat, kemur fram að ofanflóð í Eyrarsveit eru nánast óþekkt. Engum sögum fer af ofanflóðum við Skerðingsstaði.

Einnig kemur fram að Eyrarsveit er utan helstu jarðskjálftasvæða landsins og því eru stórir jarðskjálftar ekki líklegir.

Í aðalskipulaginu kemur fram að talsvert landbrot sé við Látravík og jafnframt að þar hafi verið fyrirhugaðir varnargarðar. Skerðingsstöðum stendur þó engin hættu af landbroti, enda í vari af Víkurriði.

3.7 Sjónræn verðmæti Kirkjufells

Án efa mun nálægðin við Kirkjufell og líkindi fyrirhugaðrar byggingar við fjallið skjóta styrkum stoðum undir hótélrekstur á Skerðingsstöðum. Í aðalskipulaginu er sérstakur kafli sem fjallar um sjónræn verðmæti Kirkjufells, þar segir m.a.:

Í þessu aðalskipulagi er jafnframt lagt til að nýta þetta einstaka bæjarfjall Grundfirðinga til eflingar ferðaþjónustu og annarrar þjónustu í þéttbýlinu....

Enda þótt hér sé sérstaklega fjallað um að Kirkjufell verði nýtt til að styrkja ferðaþjónustu í þéttbýli er enginn vafi á því að þetta atriði á einnig við um feðraþjónustu í dreifbýli Eyrarsveitar

4. Upplýsingar um grunnástand - Staðhættir

^[1]^[2]^[3] Skerðingsstaðir eru í um 6 kílómetra vestan við Grundarfjörð, á tanga sem gengur út í Lárvaðal. Snæfellsvegur (nr. 54) liggur ofan við tangann. Vaðallinn var stíflaður árið 1965 og í kjölfarið var sjóeldi stundað þar um tíma, eða til ársins 2004. Eftir að Lárvaðall var stíflaður telst hann manngert lón sem flokkað er sem árósavatn eða strandvatn, en strandvötn hafa hátt verndargildi. Lárvaðall er hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar og kunnur fyrir fuglalíf. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.

4.1 Náttúrufar

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2018 einkennist svæðið af starungsmýravist, gulstararflóavist, lyngmóavist á láglendi, fjalldrapamóavist og bugðupuntsvist. Þetta stenst ekki, sbr. skýrslu um gróðurfar og fugla á Skerðingsstöðum sem unnin var af Jóhanni Óla Hilmarssyni hjá Tringa ehf í október 2021. Svæðið er meira og minna tún sem slegið hefur verið og beitt með hestum til dagsins í dag.

4.2 Dýralíf

Um fugla

Á Skerðingsstöðum fundust við kortlagningu á varpfuglum 6 tegundir mófugla. Alls fundust 19 pör í varpi, sem er talsvert fyrir svo lítið svæði. Sé reiknaður þéttleiki, pör á ferkílómetra skoðaður, er hann hár, sérstaklega þéttleiki þúfutittlings

Á Lárvaðli og nánasta umhverfi fundust 33 fuglategundir í 10 talningum. Fuglar voru í hámarki í byrjun júní, síðan var fjöldinn nokkuð svipaður um sumarið. Þeim fjölgaði aðeins í september, en fór svo að fækka aftur í október. Upplýsingar vantar um stöðuna á veturna, en það mun vera fremur fáskrúðugt (Náttúrufræðistofnun 2021).

Lokaorð skýrslu um gróður og náttúrufar á Skerðingsstöðum eru:

Hótélbygging á Skerðingsstöðum mun væntanlega eingöngu hafa staðbundin áhrif og óveruleg áhrif á fugla og gróður utan byggingarsvæðis (3. tafla), svo fremi sem fráveitumál verða í lagi og starfsemi eins og skipulag gerir ráð fyrir (Zeppelin, arkitektar 2018). Á skipulagsuppdraetti er sýnd bryggja úti vaðalinn og gæti það bent til hugmynda um siglingar. Eitthvað eru þær stundaðar útfrá sumarbústöðum við norðanvert vatnið. Fuglar styggjast báta og ætti að hlífa bökkum við sunnanverðan vaðalinn, þar sem endur halda sig helst, fyrir siglingum. Hótél það sem fyrirhugað er að byggja á Skerðingsstöðum er hannað með náttúruna og umhverfið í huga. Það er því upplagt að fræða væntanlega hótélgesti um fuglalíf á Lárvaðli og nágrenni og getur skýrsla þessi nýst sem grunnur að slíkri fræðslu.

Sjá skýrslu um gróðurfar og fugla á Skerðingsstöðum sem unnin var af Jóhanni Óla Hilmarssyni hjá Tringa ehf í október 2021.

Um fiska

Lítið er vitað um fiska í vatninu, en niðurstöður rafveiða, sem framkvæmdar voru af Haf- og Vatnarannsóknnum, sýna að lax hrygnir af og til í Hólalæk og hugsanlegt er að laxaseiði nýti sér Lárvaðalinn til uppeldis. Vitað er að bæði sjóbleikja og staðbundin bleikja eru til staðar í vaðlinum og lækjum sem renna í hann, en engar upplýsingar eru til um veiðinýtingu á svæðinu. Vegna seltuinnihalds vaðalsins er líklegt að bleikja hrygni eingöngu í lækjum.

Lokaorð skýrslunnar voru:

Hótelbygging í landi Skerðingsstaða mun liggja nærri vatnsbakka Lárvaðals en áform eru um að vatnsbakkar hans haldi upprunalegri mynd og að umhverfi verði sem náttúrulegast (Zeppelin arkitektar 2018). Eins og fram hefur komið virðast lækirnir sem renna í Lárvaðal, Víkurgil og Hólalækur, vera forsenda þess að stofnar laxfiska geti dafnað á svæðinu og því er mikilvægt að búsvæði fiska í lækjunum verði ekki raskað með framkvæmdinni. Auk þess þarf að hafa í huga að Vaðallinn sjálfur er mikilvægt uppeldissvæði fyrir þessa stofna. Miðað við fyrirliggjandi áform um byggingu hótels á Skerðingsstöðum ættu áhrif framkvæmdarinnar á vatnalífriki að vera óveruleg, að því gefnu að fráveitumál verði í lagi og starfsemi eins og skipulag gerir ráð fyrir.

Sjá - Rannsóknir í Lárvaðli Snæfellsnesi- skýrsla unnin í nóvember 2021, af Haf og Vatnarannsóknnum.

4.3 Fornminjar

Innan deiliskipulagssvæðisins eru átta skráðar fornminjar undir sex aðalnúmerum, sbr. fornleifaskrá sem unnin var af Bjarna F. Einarssyni hjá Fornleifafræðistofu. Fjórar þeirra hafa verið mældar upp af minjaverði Vesturlands, sjá uppdrátt. Í austurhorni svæðisins eru auk hinna fjögurra fyrrnefndu tvær skráðar fornminjar, merktar með "A" og "B". Einnig eru uppistandandi rústir af útihúsum jarðarinnar, á vestur hluta tangans og rústir af grunni íbúðarhússins, á austurhluta tangans.

Rétt utan við skipulagssvæðið og einnig í landi Skerðingsstaða eru þrjár aðrar skráðar fornminjar.

Bent skal á 2.mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnunni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunnar Íslands.

4.4 Landnotkun innan skipulagssvæðisins

Svæðið hefur verið nýtt sem landbúnaðarland, en í nýju aðalskipulagi er það skilgreint sem þjónustu og verslunarsvæði

4.5 Innviðir - stofnanir, veitur og samgöngur

Sunnan við svæðið liggur þjóðvegur nr. 54, Snæfellsvegur.

4.6 Umhverfissvandamál - jarðvegsrof, hækkun sjávar mengandi starfsemi og náttúruvá

Engin sérstök umhverfissvandamál eru til staðar, hvorki ofanflóð, jarðvegsrof eða mengandi starfsemi, sbr. Framansagt í kafla

4.7 Neysluvatn

Verkfræðistofan Verkís vann minnisblað, dags. 9. september 2019, um möguleika á öflun neysluvatns fyrir fyrirhugað hótél á Skerðingsstöðum, í kjölfar vettvangsskoðunar þann 5. september 2019. Metin vatnspörf er 60 tonn á dag, sem samsvarar 0,7 l/sek.

Niðurstaða Verkís var að vænlegir möguleikar væru á því að fá mætti neysluvatn fyrir hótél sem byggt yrði á Skerðingsstöðum. Í minnisblaðinu eru nefndir fjórir möguleikar til vatnsöflunar, en þess jafnframt getið að skynsamlegt væri að láta grafa skurði sem nefndir eru í minnisblaðinu, til að sannfærast um að hægt sé að fá nægjanlegt vatn.

Staðirnir eru:

4.7.1. Lækurinn úr Bæjargili

Góðar líkur eru á að fá megi neysluvatn úr gamalli skriðu ofan við gamla þjóðveginn, austan við lækinn.

4.7.2. Neðan við Bekki

Annar möguleiki er að virkja grunnvatnsrennsli sem sígur gegnum skriðuna frá Bökkjum.

4.7.3. Ofan við Snæfellsnesveg sunnan Skerðingsstaða

Eins og nefnt er hér að framan, er grunnvatnsstraumur í skriðunni frá Bökkjum og að Lárvatni. Þennan straum

4.7.4. Vatnstaka við Lárvatn

Fjórði möguleikinn er að fá vatn úr dremskurði nærri Lárvatni.

Gallinn við þessa leið er að vatnstaka verður neðan við Snæfellsnesveg, og mengunarhætta frá umferðinni. Skurðstaðið verði valið í lausan jarðveg ca 10 m frá vatnsborði Lárvatns. Þessi virkjun mun kalla á dælingu að hótelinu og rafstreng að dælum.

4.8 Samfélag, mannfjöldabróun, íbúasamsetning og félagslegar aðstæður

Skipulagssvæðið er um 6 km frá Grundarfjarðarbæ, en þar búa um 860 íbúar. Nokkuð lengra er til næsta þéttbýliskjarna, sem er Ólafsvík. Í aðalskipulagi kemur fram að:

Þegar horft er til atvinnulífsins í Grundarfirði hafa meginatvinnugreinarnar til langs tíma verið sjávarútvegur og fiskvinnsla í þéttbýlinu og landbúnaður í dreifbýli. Umfang sjávarútvegs hefur ekki breyst verulega á síðustu árum en landbúnaður hefur dregist talsvert saman. Vægi ferðaþjónustu hefur hinsvegar farið ört vaxandi og er nú umtalsvert. Önnur þjónustustarfsemi og störf við skóla eru einnig þýðingarmikil fyrir samfélagið og hafa aukist, m.a. með tilkomu Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Miðað við íbúabróunina síðustu ár þykir óraunhæft að gera ráð fyrir 1% fjölgun á ári út skipulagstímabilið, eða til ársins 2038. Í þessari áætlun verður stuðst við þær forsendur að fjölgun íbúa geti orðið á bilinu 0,25%- 0,75% á ári, og miðgildið nýtt við gerð áætlana. Með útreikningum veldisvaxtar er reiknað með allt að 92 nýjum íbúum á skipulagstímabilinu.

Töluverðar breytingar hafa orðið á aldurssamsetningu íbúa. Hlutfallsleg fjölgun er í eldri aldurshópunum og má búast við að sú þróun haldi áfram. Ennfremur hefur orðið fjölgun í aldurshópum 20-35 ára en á þeim aldri er fólk alla jafna að hefja sjálfstæða búsetu. Mikil hlutfallsleg fækkun er á fjölskyldum með börn, en aukning hjá þeim sem búa ein eða í sambúð án barna.

Það er ljóst að í jafn litlu samfélagi og Grundarfjörður er, mun svo umfangsmikil framkvæmd hafa mikil áhrif á allt mannlíf, gæða það fjölbreytni og auknum atvinnumöguleikum, ásamt betri og fjölbreyttari þjónustu.

5. Fráveitulausnir

Þar sem skipulagssvæðið er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar gilda um það lög um vernd Breiðafjarðar frá 9. mars 1995. En tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Í umsögn Umhverfisstofnunnar segir: *Fráveita er sá þáttur er sérstaklega þarf að áætla svo ekki verði neikvæð umhverfisáhrif á Lárvaðal og fjörur. Þar sem um friðlýstar fjörur er að ræða skal koma í veg fyrir rask á fjörunni og á 50 m svæði upp af fjörunni. Stofnunin mælir með að 100 m svæði frá fjörum verði ekki raskað.*

(Ástæða til að benda á að aðstæður eru mjög þröngar á Skerðingsstöðum og því er ekki hægt að verða við þessari ábendingu Umhverfisstofnunar).

Í minnisblaði dags. 26.09.2019, um fráveitulausnir vegna hótelluppbyggingar sem verkfræðistofan Verkís vann er bent á að þar sem friðlýst fjara er við viðtakann þarf væntanlega að skoða frekari hreinsimöguleika á skólpinu. Í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp segir í kafla 7.2 “*skólp skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegan nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annara sérstakra vatnsverndunarsvæða*”

Einnig eru tilteknar mögulegar lausnir sem mæta kröfum fráveitureglugerðar, en verkfræðistofan leggur til tveggja þrepa hreinsistöð (Rotþró með siturlögn eða sandsíu sem telst vera tveggja þrepa hreinsun.) þar sem auk grófhreinsunar fer fram niðurbrot á lífrænum efnum áður en hreinsuðu skólpi er veitt í viðtaka. Útrás frá hreinsistöð skal útbúin geislatækjum til niðurbrots á örverum ef hleypa á hreinsuðu skólpi í viðtaka vegna krafna um saurgerlamengun. Tiltekið er að mikilvægt sé að skoða vel undirliggjandi jarðveg til þess að meta stærð siturbeðs sem er útrás fyrir fráveitukerfið.

Því geti þurft að fara fram ítarlegri hreinsun á skólpinu, sem felst í því að ná styrk fosfórs og köfnunarefna niður fyrir þau mörk sem reglugerðin setur. Þetta þarf viðkomandi heilbrigðiseftirlit að úrskurða frekar um.

Ennfremur er tiltekið að:

1. Samkvæmt reglugerð skal leitast við að veita útrás minnst 2 metra niður fyrir lægsta vatnsborð.

2. Líklegt er að í starfsleyfi munu koma fram kröfur um fituskilju eftir frárennsli frá eldhúsi.
3. Ofanvatn frá bílastæðum við hótelið skal meðhöndla með blágrænum ofanvatnslausnum áður en því er veitt í viðtaka.

6. Umhverfispættir

Umhverfispættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á.

Í töflu nr. 1 hér að neðan er gerð grein fyrir þeim umhverfispáttum sem líklegt er að skipulagið geti haft áhrif á. Unnið er út frá viðmiðum í 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Tafla 1

Umhverfispáttur	Metinn	Ekki þörf á að meta	Skýring
Samfélag	x		
Heilbrigði manna		x	
Fuglar	x		
Gróður	x		
Fiskar	x		
Grunnvatn		x	
Jarðvegur		x	

7. Aðferðir við umhverfismat

Mat á umhverfispáttum skipulagssvæðisins var unnið af ólíkum aðilum, sem hver um sig eru viðurkenndir í sínu fagi og skiluðu þeir hver sinni skýrslunni um ástand svæðisins og mati á umhverfislegum áhrifum fyrirhugðra framkvæmda. Skýrslurnar eru allar byggðar á vettvangsrannsóknum.

Skýrslurnar eru:

1. Gróður og fuglar á Skerðingsstöðum og Lárvaðli í Eyrarsveit, sem unnin var í október 2021 af Jóhanni Óla Hilmarssyni hjá Tringa ehf, auk Bjarna Hjaltasyni og Alex Mána Guðríðarsyni.
2. Rannsóknir í Lárvaðli á Snæfellsnesi, sem unnin var af Fjólu Rut Svavarsdóttur og Sigurði Má Einarssyni, og Guðna Guðbergsyni hjá Haf – og Vatnarannsóknunum í nóvember 2021
3. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Skerðingsstöðum í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, unnin af Bjarna Einarssyni hjá Fornleifafræðistofunni árið 2016

8. Umhverfismat áætlunar og valkostir

Bygging hótels og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis er háð umhverfismati áætlana skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í 14. gr. laganna segir að í

umhverfismatsskýrslu áætlunar skuli lýsa og meta líkleg umhverfisáhrif af framkvæmd áætlunar, lýsa og meta raunhæfa valkosti og lýsa fyrirhugðuðum mótvægisáðgerðum og vöktun.

Umhverfismatið, aðferðir og niðurstöður þess, er fléttað inn í greinargerð deiliskipulagsins **Skerðingsstaðir í Grundarfirði- Hótelbygging**

Umhverfismatinu er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun með því að leggja umhverfis-, félagsleg-, og efnahagsleg sjónarmið til grundvallar við deiliskipulagsgerðina. Þannig er leitast við að lágmarka neikvæð áhrif og að sama skapi hámarka þau jákvæðu í deiliskipulaginu. Í umhverfismatinu er fjallað um varanleika áhrifa, afturkræfni og hversu víðtæk þau kunna að verða.

8.1 Valkostir

Fjallað er um þrjá valkosti í umhverfismatinu og þeir metnir og bornir saman. Jafnframt er skoðað hvernig þeir samrýmast markmiðum fyrirhugaðs deiliskipulags, sem og markmiðum Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2019-2039. Valkostirnir eru:

- Framkvæmd eins og lýst er í deiliskipulaginu Skerðingsstaðir í Grundarfirði-Hótelbygging.
- Óbreytt ástand.
- Aðrir möguleikar á uppbyggingu hótels og orlofsþorps.

8.1.1 Möguleg áhrif mismunandi valkosta

Í sundurliðaðri töflu (tafla nr. 1 að neðan) er fjallað sérstaklega um valkostinn sem lýst er í deiliskipulagstillögunni Skerðingsstaðir í Grundarfirði- Hótelbygging. Fjallað er um hina tvo valkostina hér að neðan. Áhrif valkostanna þriggja eru metin með tilliti til þeirra vísa og viðmiða sem fjallað var um í kaflanum að framan

8.1.2 Óbreytt landnotkun

Svæðið hefur fram til þessa verið nýtt sem landbúnaðarland. Ætla má að óbreytt landnotkun (núllkostur) leiði til óbreytts ástands náttúrunnar.

Óbreytt landnotkun mun ekki stuðla að ýmsum þeim jákvæðu umhverfisþáttum sem framkvæmd deiliskipulagstillögunnar er líkleg til að hafa í för með sér, s.s. auknum efnislegum verðmætum, aukinni ferðaþjónustu og bættu atvinnulífi, verslun, þjónustu og jákvæðri íbúáþróun.

8.1.3 Aðrir framkvæmdamöguleikar

Aðrar útfærslur orlofsbyggðar og hótelframkvæmdar hafa verið ræddir við skipulagsnefnd og bæjarstjórn, en í þeim umræðum hefur komið fram að verulega er þrengt að mögulegu framkvæmdassvæði, vegna forminja á svæðinu, nálægðar við Snæfellsveg og nálægðar við Lárvaðall. Því eru takmarkaðir möguleikar á framkvæmdum annars staðar innan afmarkaðs deiliskipulagsreits. Þó væri mögulega hægt að færa hótél norðan við stærstu fornminjarnar og stakstæð hús á nyrsta hluta þar sem nú er sýnt aðal hótélbygging, en slá má því föstu að umhverfisáhrif framkvæmda, jákvæð og neikvæð, væru þau sömu.

8.2 Framkvæmd eins og lýst er í deiliskipulagstillögu

Um einstaka þætti framkvæmdarinnar er vísað til deiliskipulagstillögunnar Skerðingsstaðir í Grundarfirði - Hótelbygging. Í töflu nr. 1 eru umhverfisáhrif hvers umhverfisþáttar fyrr sig skoðuð og þættinum gefin einkunn. Þýðing einkunnar má sjá hér að neðan í skýringum:

Skýringar

++ Veruleg jákvæð áhrif -- Verulega neikvæð áhrif

+ Jákvæð áhrif - Neikvæð áhrif

0 Engin eða óveruleg áhrif ? Óvissa um áhrif/ vantar upplýsingar

Tafla nr. 2 Umhverfisáhrif deiliskipulagstillögu

Umhverfispáttur	Deiliskipulagstillaga áhrif	Viðmið og vísar
Vatnafar (stöðuvatn)	-/0 Uppbygging getur hugsanlega haft neikvæð áhrif á vatnsgæði í Lárvaðli, bæði vegna röskunar á framkvæmdartíma og vegna frárennslis frá bílastæðum auk skólps frá hóteli og starfsemi. Því verður byggt hreinsivirki sem taka mun við allri fráveitu frá byggingum og mun allt afrennsli vegna starfsemi verða meðhöndlað miðað við ýrustu kröfur sem tilheyrandi löggjöf kveður á um. Skólp verður hreinsað í hreinsistöð og afrennsli af bílastæði verður leitt í gegnum olíuskilju.^[1] Tryggja þarf að heitt vatn frá starfseminni berist ekki ókælt í Lárvaðal. Gert er ráð fyrir að leggja malaröngustíg meðfram vatnsbakkanum. Markmiðið með göngustígnum er að stýra umferð um svæðið og vernda bakka Lárvaðals.	Vísar:^[1] Vatnsgæði, mengun Viðmið:^[1] – Aðalskipulag 2019 – 2039, lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Lög um vernd Breiðafjarðar 1995 nr. 54 8. mars.
Vatn (neysluvatn)	0 Neysluvatn kemur frá einkaveitu Skerðingstaða, sem fær vatn úr fjallshlíðinni fyrir ofan svæðið. Vatnsveita skal uppfylla skilyrði reglugerða um neysluvatn og varnir gegn mengun neysluvatns.	Viðmið: - Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.
Loftslag	0 Nýbyggingar og tilheyrandi bílastæði eru ekki talin hafa áhrif á loftslag	
Gróðurfar	0 Það svæði sem fer undir byggingar og bílastæði eru tún sem slegin hafa verið og beitt með hestum, því	

	er ekki verið að raska villtum gróðri.	
Dýralíf	-/0 Fuglar: Hótelbygging mun hafa óveruleg áhrif á fugla, en gæta þarf þess að endur halda sig sérstaklega við suðurbakka vaðalsins. Fiskar: Mikilvægt er að búsvæði fiska í Víkurgili og Hólalæk verði ekki raskað, en þau eru forsenda þess að stofnar laxfiska geti dafnað á svæðinu.	
Heilsa og öryggi	- /0 Einhver hávaði og aukin umferð verður á framkvæmdatíma sem valdið getur óþægindum í sumarhúsabyggð í nágrenni skipulagssvæðisins.^[1]	
Efnahagur, atvinnulíf og íbúáþróun	++ Bygging 100 herbergja hótels og 5 stakstæðra smáhýsa mun skapa ný störf á svæðinu bæði á byggingar- og rekstratíma. Vegna fjölgunar starfa er íbúaaukning í Grundarfjarðarbæ líkleg afleiðing uppbyggingarinnar. Efnahagur svæðisins ætti að styrkjast með tilkomu hótels.	
Verslun, þjónusta, útivist og tómstundir	+ Tilkoma hótels eykur verslun og þjónustu á svæðinu og getur einnig stuðlað að annarri afleiddri verslun og þjónustu. Uppbyggingin getur skapað tækifæri til skipulagðrar útivistar, tómstunda og aðra afþreyingu.	
Ferðaþjónusta	++ Með uppbyggingu hótels er líklegt að aukinn hópur ferðamanna sem ferðast um þessar slóðir muni dvelja lengur á Snæfellsnesi, enda verður þá meiri og fjölbreyttari þjónusta í boði Lengri viðvera ferðamanna eykur möguleika á uppbyggingu á annarri ferðaþjónustu. Hótel á Skerðingsstöðum svarar þeim markmiðum aðalskipulags: Að skapa ramma fyrir þróun og uppbyggingu í ferðaþjónustu, sem tengist þeim kostum sem landslag og byggð bjóða uppá.	

Samgöngur/ vegagerð	0 Bílaumferð mun lítilega aukast á framkvæmdar- og rekstartíma, en ekki hafa marktæk áhrif á umferð um Snæfellsnesveg. Afleggjari af Snæfellsnesvegi (stofnvegi 54) inn á skipulagssvæðið verður endurgerður. Vegaframkvæmdir skulu unnar í samráði við fulltrúa vegagerðarinnar í Ólafsvík.	
Efnisleg verðmæti	++ Með uppbyggingu hótels og meðfylgjandi fjölda starfsmanna eru líkur á að eftirspurn eftir fasteignum og lóðum í Grundarfjarðarbæ aukist. Meðfylgjandi aukin umsvif leiða leiða til fjölbreyttari tækifæra til aukinnar verðmætasköpunar í Grundarfirði og næsta nágrenni, t.a.m. í sköpun afþreyingar fyrir hótélgesti.	
Landnotkun	0/- Á tunganum voru heimatún Skerðingsstaða. Þau hafa verið slegin eftir að búskapur lagðist af og hestum beitt á túnið. Mögulega mun einhver hluti túnins verða nýttur með sama hætti eftir að hótelið hefur verið reist.	
Fornminjar	+/- Fornminjar hafa verið kortlagðar í landi Skerðingsstaða og verndarsvæði afmörkuð umhverfis þær, eins og sýnt er á deiliskipulagsupprætti. Hótelbyggingin mun að hluta rísa innan afmarkaðra svæða, en haga ber framkvæmdum þannig að þær valdi ekki röskun á fornminjum. Hótel á svæðinu mun líklega auka áhuga og úbreiðslu þekkingar á fornminjunum.	
Ásýnd lands - menningarlandsla g	-/+ Byggingar og bílastæði verða sýnileg frá stofnvegi 54 og munu sjónræn áhrif því verða einhver. Áhersla er lögð á að byggingar falli vel að landslagi og að gróður verði nýttur til að draga úr sjónrænum áhrifum og skerma af bílastæði.	

	Byggingar munu taka mið af næsta landslagi, en ástæða er til að minnast á fallegar byggingar sem standa einar sér úti í náttúrunni og gæða hana fegurð og spennu, ef vel hefur tekist til, eins og svo víða má sjá, t.d. á meginlandi Evrópu þar sem miðaldakastalar og hallir skreyta náttúruna.	
Vernduð svæði - Breiðafjörður	0 Vatnsbakkar Skerðingsstaða liggja að Lárvaðli og gæta skal að því að hrófla eins lítið við þeim og kostur er. Strandlína Breiðafjarðar liggur utan við Lárvaðal, sem er manngert lón, og því munu framkvæmdir á deiluskipulagssvæðinu hafa lítil áhrif á verndað svæði Breiðafjarðar.	

9. Niðurstaða umhverfismats

Hótelbygging mun hafa í för með sér umhverfisáhrif á svæðinu, einkum á ásýnd þess. Með faglegum og vönduðum vinnubrögðum má lágmarka neikvæð áhrif og jafnvel gera svæðið áhugaverðara og eftirsóknarverðara.

Jafn stórt hótél og um ræðir er líklegt til að efla atvinnustig á svæðinu, leiða til íbúafjölgunar og hafa jákvæð áhrif á þróun þess, fjölbreytni og verðmæti eigna. Líklegt er að verslun og önnur þjónusta muni eflast þ.á.m. ferðaþjónusta með nýjum tækifærum fyrir útivist og afþreyingu. Komi í ljós að áhrif verði neikvæðari en áætlað var þarf að bregðast við með viðeigandi aðgerðum, t.d. með því að bæta hreinsivirki.

10. Kynning og samráð

Þann 18. Október 2018 samþykkti Bæjarstjórn samhljóða afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar.

„Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að skipulagslýsing (Vegna hótels á Skeringsstöðum) verði sett í kynningu skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010“

Deiliskipulagsstillaga dags. 18.febrúar 2018 ásamt skipulagslýsingu frá október 2018 voru í kjölfarið auglýst í héraðsblaði og blaði á landsvísi ásamt því að vera auglýst á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar. Gefinn var sex vikna athugasemdafrestur til að koma með athugasemdir vegna skipulagstillögunnar.

Skipulagsnefnd Grundarfjarðarbæjar bærust umsagnir og spurningar vegna auglýsinganna, en þær voru frá:

- Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, 4 .júlí 2019
- Náttúrufræðistofnun Íslands, dags 1. apríl 2019

- Breiðafjarðarnefnd, dags. 21. mars 2019
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, dags. 19. mars 2019
- Skipulagsstofnun, dags. 3. apríl 2019
- Umhverfisstofnun, dags. 3. apríl 2019
- Vegagerðinni, dags. 27. mars 2019
- Jarðareigendum Mýrarhúsa (Gaukur Garðarsson), 3. apríl 2019
- Landeigendum innri Látravíkur, ódagsett bréf, en frá apríl 2019
- Landeigendum Króks og hluta landeigenda Neðri –Lág, 2. apríl 2019

Í minnisblaði Zeppelin arkitekta dags. 26.09.2019 er ofangreindum spurningum og athugasemdum svarað.

M.a. vegna ábendinga umsagnaraðila hafa verið unnar ýmsar skýrslur til að varpa ljósi á umhverfisaðstæður, þær eru:

- a. Fráveitulausnir - minnisblað, dags. 26. sept. 2019, unnið af Verkfræðistofunni Eflu.
- b. Öflun neysluvatns - minnisblað dags. 9. sept. 2019 unnið af Verkfræðistofunni Eflu.
- c. Rannsóknir í Lárvaðli Snæfellsnesi- skýrsla unnin í nóvember 2021, unnin af Haf og Vatnarannsóknir.
- d. Gróður og fuglar á Skerðingsstöðum og Lárvaðli í Eyrarsveit í október 2021, unnið af Tringa ehf.
- e. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Skerðingsstöðu í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu – skýrsla, dags. mars 2016, unnin af Fornleifafræðistofunni ehf.

Breitt Deiliskipulagstillaga

Umhverfis- og framkvæmdaskýrsla, dags. 5. febrúar 2022 var tekin fyrir samhliða breytttri deiliskipulagstillögu dags. 5. febrúar 2022 og breytttri skipulagslýsingu-greinargerð dags. 5. febrúar 2022 í bæjarstjórn og samþykkti að auglýsa deiliskipulagstillöguna að undangengnum smávægilegum lagfæringum.

Helstu breytingar á deiliskipulagatillögu eru að byggingarreitur hótels er færður fjær vatni og verður allur í a.m.k. 50 fjarlægð frá vatni og einnig er gerð breyting á hámarkshæð smáhýsa, en hún er lækkuð um tvo metra, niður í 4,5m.

Deiliskipulagstillagan verður auglýst með áberandi hætti, í sex vikur að lágmarki, og gefst þá annað tækifæri til að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri. Athugasemdum og ábendingum sem kunna að berast við auglýsta tillögu verður svarað með formlegum hætti. Að auglýsingu lokinni verður tillagan lögð fyrir í sveitarstjórn til umræðu og samþykktar. Að því loknu er samþykkt tillaga send Skipulagsstofnun til yfirferðar og samþykktar. Deiliskipulagið tekur að lokum gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagstillagan ásamt, Skipulagsgreinargerð og Umhverfis- og framkvæmdaskýrslu verður send Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, RARIK og Fiskistofu til umsagnar. Tillagan, ásamt umhverfisskýrslum sem nefndar eru hér að ofan, verður jafnframt aðgengileg á vefsíðunni www.grundarfjordur.is og einnig myndband sem sýnir hvernig byggingin fellur inn í landið þegar keyrt er framhjá Skerðingsstöðum, inn og út Snæfellsnes.

Allir geta sent inn ábendingar og umsagnir við umhverfisskýrslunni.

11. Vöktunaráætlun

Mikilvægt er að lífríkið sé vaktað þannig að bregðast megi við á viðeigandi hátt ef vísbendingar um neikvæð áhrif koma í ljós. Vöktunaráætlun verður unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands samhliða veitingu framkvæmdaleyfis.

Meta ber grunnástand lífríkis næst skipulagssvæðinu, áður en framkvæmdir hefjast. Á meðan á framkvæmdum stendur skal vakta áhrif á lífríki með viðurkenndum hætti.

Rannsóknnum skal fylgt eftir með viðurkenndri vöktun á lífríkinu á meðan hótelið er starfrækt og þar til gengið hefur verið frá svæðinu á fullnægjandi hátt ef starfsemi er hætt. Ef vísbendingar um neikvæð áhrif kom í ljós skal brugðist við á viðeigandi hátt í samráði við Umhverfisstofnun eða Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

11.1 Mótvægisaðgerðir

Leggja ber áherslu á markvissar mótvægisaðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, hvort heldur um er að ræða dýr eða plöntur eða fornminjar á svæðinu. Mikilvægt er að raski á gróðri verði haldi í lágmarki og hann verndaður eins og kostur er. Þar sem raska þarf gróðri er lagt til að hann verði nýttur til frágangs á eldra raski í nágrenni árinna á svæðinu. Svarðlagi skal haldið til haga á viðurkenndan hátt og hann nýttur til frágangs á svæðinu. Uppgræðsla raskaðra svæða skal falla vel að grenndargróðri. Byggingar skulu felldar að landslagi. Tryggja skal að mengun berist ekki í vatn. Almenn skal leggja áhersla á vistvænar lausnir, s.s. blágrænar ofanvatnslausnir. Einnig skal vanda frágang stíga á svæðinu, en þeir vernda vatnsbakka fyrir ágangi.